

innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þeir skulu báðir sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Karl Gísli Gíslason og Þórarinn Vilhjálmur Eyþórsson, sæti hvor 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði þær (svo) ekki ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir skulu sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 134/1936. Páll Sigurðsson, dánarbú Auðuns Jónssonar og dánarbú Guðmundar Jónssonar (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson (Eggert Claessen).

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ágreiningur út af verkamningi.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til hæstaréttar af hálfu hinna stefndu í héraði með áfrýjunarstefnu dags. 9. september 1936, en síðan hafa tveir þeirra látitz, þeir Auðunn Jónsson og Guðmundur Jónsson. Hafa dánarbú þeirra haldið málinu áfram, ásamt sam-

áfrýjanda þeirra, Páli Sigurðsyni. Af hálfu stefnanda í héraði hefir málinu verið gagnáfrýjað með gagnáfrýjunarstefnu dags. 28. september 1936.

Aðaláfrýjendur, sem hafa fengið gjafsóknarleyfi fyrir hæstarétti og talsmann skipaðan, hafa *aðallega* krafizt algerðrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en *til vara* niðurfærslu á fjárhæð þeirri, sem þeir hafa verið dæmdir til að greiða. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það virðist mega ráða með vissu af reikningum þeim, sem gagnáfrýjandi lagði fram í máli þessu í héraði, að flestir reikningsliðirnir séu óviðkomandi ábyrgð þeirri, sem gagnáfrýjandi bar samkvæmt verkamningnum á rafmagnsvélinni og umbúnaði hennar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda in solidum málskostnað í hæstarétti, og ákveðst hann 300 krónur. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, er ákveðast 120 krónur, ber að greiða úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Páll Sigurðsson, dánarbú
Auðuns Jónssonar og dánarbú Guðmundar

Jónssonar, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson, kr. 392.00 með 5% ársvöxtum frá 14. júní 1935 til greiðsludags, kr. 103.60 í málskostnað í héraði og kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. júlí 1936.

Mál þetta er eftir heimild í lögum nr. 59 frá 10. nóv. 1905 höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útg. 13. júní 1935 af firmanu Bræðurnir Ormsson hér í bæ gegn Páli Sigurðssyni Árkvörn, Auðunni Jónssyni Eyvindarmúla og Guðmundi Jónssyni Háamúla, öllum í Fljótshlíðarhreppi, til greiðslu skuldar in solidum, að upphæð kr. 501.00, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1933 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hefir stefnandi lækkað kröfu sína um krónur 109.00, og er hún því kr. 392.00.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málsvexir eru þeir, að á árinu 1927 byggði stefnandi rafmagnsstöð fyrir stefndu. Var verkinu lokið í desember 1927, og hafði stefnandi eins árs ábyrgð á verkinu frá þeim tíma að telja. Rafvél stöðvarinnar reyndist illa og skipti stefnandi því um vél, og var hin nýja vél sett upp á árinu 1928. Var það gert stefndu að kostnaðarlausu, og þar eð þeir höfðu að fullu gert upp við stefnanda og skulduðu honum ekkert frá því að fyrri vélin var sett upp, virðast þeir hafa verið skuldlausir við stefnanda, þegar lokið var uppsetningu síðari vélarinnar. Svo er að sjá sem síðari vélin hafi bilað nokkuð oft, og var þá jafan leitað til stefnanda um viðgerðir á henni. Stefnandi bar einnig ábyrgð á þess-

ari vél, og er svo að sjá skv. samningi milli aðila, sem lagður hefir verið fram og dags. er 19. júlí 1931 og síðar framlengdur 26. sept. 1932, að ábyrgð stefnanda á vélinni hafi átt að haldast og hafi haldizt til 1. júní 1933. Skuld þá, sem krafði er um í þessu máli, telur stefnandi vera fyrir efni og vinnu, er hann hafi látið stefndu í té á tímabilinu frá júní 1929 til maí 1932, og hefir hann lagt fram sundurliðaða reikninga um skuldina. Kveðst hann að visu hafa gert oftár og meira við stöðina en reikningarnir hljóði um, en ýmist hafi hann ekki krafizt borgunar eða stefndu hafi þegar borgað sér fyrir viðgerðirnar. Umstefnd skuld sé því aðeins fyrir nokkrar viðgerðir og úttektir, sem stefndum beri tvímælalaust að borga.

Stefndir hafa ekki mótmælt því, að vinna sú hafi verið unnin og efni það látið af hendi í þágu rafstöðvarinnar, sem framlagðir reikningar greina. Ekki hafa þeir heldur mótmælt verði efnis eða vinnu. Hinsvegar byggja þeir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að rafstöðin hafi verið í ábyrgð stefnanda allan þann tíma, er úttektirnar og viðgerðirnar hafi farið fram á, og að þær falli allar undir ábyrgð stefnanda á stöðinni. Alla hina umstefndu vinnu og efni hafi stefnandi því borið að láta ókeypis í té, og því eigi hann nú enga kröfu á hendur stefndu út af umstefndum viðgerðum og efni.

Ábyrgð sú, sem stefnandi bar á rafstöðinni, var takmörkuð á þann veg, að hún náði aðeins til „*efnis- og smiðagalla á vélinni og umbúnaðinum*.“ Það ber því fyrst og fremst að athuga það, hvort bilanir þær, sem stefnandi hefir gert við á stöðinni, stafi af efnis- og smiðagöllum á vélinni eða umbúnaðinum, eða stefnanda verði á annan hátt um þær kennt, enda þótt þær féllu ekki undir hina sérstöku ábyrgð hans. Af reikningum þeim, sem fram eru lagðir í málinu um efni og vinnu vegna bilana á stöðinni, er ekki unnt að komast að raun um, hvort bilanirnar hafa orsakast af efnis- eða smiðagöllum á vélinni eða umbúnaðinum, en, eins og áður greinir, virðist vera óvæfengt, að allt, sem á reikningunum greinir, hafi gengið til stöðvarinnar frá stefnanda.

Eins og hér stendur á, velta úrslit málsins þess vegna á því, hvor aðila hefir sönnunarbyrðina fyrir því, að gagnaðila hafi borið að bæta bilanirnar á sinn kostnað, og hvort þeim,

sem sönnunarbyrðin hvílir á, hafi tekizt að sanna, að gagn-aðila hafi borið að bæta bilanirnar á eigin kostnað. Skal þetta nú athugað.

a) Það er upplýst með vitnaleiðslum í máli þessu, að hirðingu vélarinnar hefir verið mjög ábótavant hjá stefndu. Vélín var látin ganga án þess, að hirt væri um að smyrja hana nægilega. Feitin, sem notuð var á vélina, var óhreín, blönduð sandi, og svo mjög kvað að þessu, að einn raf-virkjanna, sem leiddir hafa verið sem vitni, kveðst hafa heyrt urg í vélinni af þessari ástæðu. Menn þeir, er með vélina fóru, voru með öllu ófaglærðir, og bendir allt, sem komið hefir fram í málinu, til þess, að þeir hafi ekki haft þekkingu á meðferð vélarinnar.

b) Eitt vitni, er telja verður sérlega gott, þar eð stefndir hafa sérstaklega óskað eftir því við stefndanda, að hann ráðfærði sig við það um ýms efni viðvikjandi rafstöðinni þeirra vegna, hefir borið, að þegar stefnandi framlengdi ábyrgð sína, eins og áður segir, hafi stefndur Páll lofað „að greidd yrði upp gömlu viðskiptin þeirra félaga sameiginlega við firmað Bræðurnir Ormsson.“ Annað vitni hefir borið hið sama, þó með þeirri undantekningu, að það kveður sér hafa „skilizt“, að átt væri við sameiginleg viðskipti stefndu við stefnanda út af byggingu stöðvarinnar, er umrætt loforð var gefið. — Þegar þess er gætt, að stofnskuld stöðvarinnar var að fullu greidd á þessum tíma, virðist þetta styrkja þá fullyrðingu stefnanda mjög, að stefndir, eða a. m. k. stefndur Páll, hafi talið sér skylt að greiða einhvern viðgerðarkostnað við stöðina.

c) Í rekstri málsins lögðu stefndir fram kvittaðan reikning fyrir fullri greiðslu eins liðs úr kröfum stefnanda. Þennan reikning verður að telja, að stefndir hafi greitt, og veikir það fullyrðingu þeirra um það, að þeir hafi aldrei talið sér skylt að greiða neinn hluta þeirrar skuldar, er stefnandi upphaflega stefndi til greiðslu á í máli þessu.

d) Stefndir voru eigendur og vörzluhafar stöðvarinnar, og virðist því hafa verið auðveldara fyrir þá að tryggja sér sönnun fyrir því, að bilanirnar stöfuðu af atvikum, sem stefnandi bar ábyrgð á, ef svo var, heldur en fyrir stefnanda að tryggja sér sönnun fyrir því, að svo væri ekki.

Það, sem nú var talið undir a—c, virðist veita svo miklar líkur fyrir því, að bilanirnar hafi stafað af atvikum, sem

stefnandi bar ekki ábyrgð á, að það, með sérstakri hliðsjón af því, sem sagt var undir d, þykir eiga að valda því, að sönnunarbyrðin fyrir því, að stefnanda hafi borið að gera við bilanirnar stefndum að kostnaðarlausu, eigi að hvíla á stefndum. En með því nú að stefndum hefir ekki tekizt að sanna og jafnvel ekki gera það líklegt, að einstakir liðir umstefndrar skuldar né skuldin í heild stafi af viðgerð bilina, sem stefnanda bar að bæta skv. ábyrgðarloforði sínu eða af öðrum ástæðum, þá verður sýknukrafa þeirra ekki tekin til greina á grundvelli þeirrar málsástæðu, er nú var rædd.

Í öðru lagi hafa stefndir haldið því fram, að enda þótt svo yrði litið á, að þeim hefði borið að greiða umstefnda skuld, þá beri nú að sýkna þá af greiðslu hennar vegna þess, að hún sé fyrnd.

En þegar af þeirri ástæðu, að viðskipti þessi hafa verið óslitin til maímánaðar ársins 1932, og skuldin hefir því ekki byrjað að fyrnast fyrr en 1. jan. 1933, verður þessi sýknuástæða stefndra ekki heldur tekin til greina.

Þar eð stefndir hafa ekki haft uppi aðrar varnarástæður en þær, er nú hafa verið ræddar, verða ársrit máls þessa skv. framansögðu þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, þó þannig að vextir reiknast frá stefnudegi og 5%, og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekju-lögin og lágmarksgjaldskrá M. F. Í., kr. 103.60.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Páll Sigurðsson, Auðunn Jónsson og Guðmundur Jónsson, greiði in solidum stefnandanum, firmanu Bræðurnir Ormsson, kr. 392.00 með 5% árs-vöxtum frá 14. júní 1935 til greiðsludags og kr. 103.60 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
